

1263. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 7. maí 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundum.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Gabríel Benjamín, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson varamaður, Þorvarður Bergmann Kjartansson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Harpa Sævarsdóttir og Selma Björk Grétarsdóttir varamaður.

Fjarverandi: Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Næsti fundur: 12. júní 2024.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, bauð stjórnarfolk velkomið og setti fund. Hann lagði til dagskrárbreytingu, bætt verði við liðnum Húsnæðismál sem verði þá liður nr. 8 og aðrir liðir færast til sem því nemur.

Engar athugasemdir bárust.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 1261. og 1262. stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1262. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Þá var lögð fyrir til undirritunar fundargerð 1261. stjórnarfundar öðru sinni vegna mistaka við undirritun á síðasta stjórnarfundum. Ekki höfðu borist athugasemdir við hana.

Báðar fundargerðir voru samþykktar og undirritaðar.

2. Kjaramál – staðan



Ragnar Þór sagði VR hafa fundað nýverið með nýjum eigendum Flugeldhúss á Keflavíkurlugvelli um kjarasamning og réttindamál sem og stjórnendum Airport Associates.

Hann fór yfir stöðuna í húsnæðismálum sem hann sagði skelfilega og lítið sem bendi til breytinga á næstunni. Leigumarkaðurinn er stjórnlaus og í hæstu hæðum. Hann sagði nú gerða lokaatlögu að stjórnmalunum og sveitarfélögunum um stöðuna, t.d. hafi verið fundað með nýjum innviðaráðherra fyrr í dag.

Ragnar sagði að VR hafi fundað með starfsfólki Neyðarlínunnar um kjarasamning og sérmál vinnustaðarins, frumkvæði að því hafði stjórnarmaðurinn Gabríel Benjamin.

Hann minntist á fyrirhugaða fundarherferð ASÍ í aðdraganda þings sambandsins í haust en ASÍ ætlar í tvær fundarherferðir um landið. Fyrri fundur með fulltrúum VR verður þann 16. maí og hvatti Ragnar stjórnarfólk til að mæta. Hann sagði VR þurfa að gera sig gildandi í mörgum þeim málum sem hafa verið til umræðu á vettvangi félagsins, t.d. húsnæðismál og atvinnulýðræði.

Umræður

3. Starfsreglur stjórnar

Ragnar Þór sagði engar athugasemdir hafa borist við starfsreglur stjórnar sem lágu milli funda og bar þær upp til atkvæða.

Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

4. Breytingar á samþykktum LIVE

Fyrir fundinum lágu skjölin „Bréf tryggingafræðings vegna samþykktabreytinga mars 2024“, „Erindi til aðildarsamtaka LV ósk um samþykki á samþykktabreytingum sjóðsins“ og „Samþykktabreytingar LV 2024 réttindatöflur o.fl. fyrir ársfund LV 19. mars 2024“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri sagði þessar breytingar hafa verið kynntar og teknar fyrir á ársfundi sjóðsins.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir á fundinn kl. 17:45.

Stefán sagði að félög sem aðild eiga að sjóðnum þurfa að taka tillögur til breytinga til umræðu og samþykktar. Tillögurnar fela m.a. í sér tilgreiningu ensks hjáheitis í samþykktum sjóðsins, breytingu á tímaviðmiðum varðandi boðun ársfunda, uppfærslu á ákvæði varðandi ávöxtunarleiðir og það sem mestu máli skiptir uppfærslu á réttindatöflum. Hann sagði ljóst að búast megi við örari uppfærslum á töflunum á næstu árum en verið hefur vegna spáa um lífslíkur.



Umræður

Ragnar Þór leggur fyrir atkvæði tillögu að staðfesta breytingar á samþykktum LIVE. Samþykkt samhljóða.

5. Stéttarfélagsaðild

Sigríður Lovísa Jónsdóttir fór yfir drög að erindi frá stjórn VR til miðstjórnar ASÍ um stéttarfélagsaðild. Erindið er svohljóðandi (eftir yfirlestur):

Erindi frá stjórn VR til miðstjórnar ASÍ um félagsaðild

Vöntun er á upplýsingagjöf til allra aðila á vinnumarkaði um félagsaðild og lífeyrissjóð. Félagafrelsi virðist vera misskilið sem val félagsfólks um hvaða stéttarfélagi það tilheyrir, sem er ekki raunin. Félagafrelsi er réttur til að stofna stéttarfélag, réttur til inngöngu í það stéttarfélag sem gerir kjarasamning um starf viðkomandi félagsfólks, réttur stéttarfélaga til að stýra málefnum sínum sjálf, gera kjarasamninga og efna til verkfalla. Réttindi þessi eru varin af stjórnarskrá Íslands og almennum lögum og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland hefur gerst aðili að og skuldbundið sig til að framfylgja.

Stéttarfélög þurfa að geta haldið utan um hvort félagsgjöld skili sér í rétt stéttarfélag til að lögin séu virt., þ.e. að greitt sé í það stéttarfélag sem gerir kjarasamning um viðkomandi starf og að greitt sé til þess lífeyrissjóðs sem tengist því stéttarfélagi.

Til að geta haft eftirlit með því hvort fyrirtæki skili gjöldum í rétt stéttarfélag þarf að samræma skilgreinar, skilgreina störf, gefa kjarasamningum númer og að fram komi á launaseðlum eftir hvaða kjarasamningi laun eru greidd. Öll stéttarfélög þurfa að virða lögin og vinna að sama markmiðinu.

Nauðsynlegt er að auka fræðslu til allra sem málið varðar og upplýsa m.a. atvinnurekendur, SA og félagsfólk um það hversu mikilvægt er að greiða í rétt stéttarfélag og afleiðingar þess að vera rangt skráður.

Samræma þarf réttindaflutning þegar félagsfólk skiptir um starfsgrein og þar af leiðandi félag, þannig að áunnin réttindi úr eldra félagi séu metin á sanngjarnan hátt sem einfaldar fólki að skipta um starfsvettvang.

VR bendir á að málþing um félagsaðild á vegum skipulags- og starfsháttanefndar ASÍ var haldið árið 2017 og er mikilvægt að taka upp þá umræðu að nýju. VR óskar eftir að formannafundur ASÍ taki málið til umræðu og að ASÍ verði ábyrgt fyrir ferli þess og eftirfylgni.

Umræður

Ragnar Þór sagði að VR kalli eftir að farið verði í vinnu um félagsaðild á vettvangi ASÍ og að formannafundur taki málið til skoðunar.

Að umræðum loknum var erindið lagt fyrir í atkvæðagreiðslu, með fyrirvara um prófarkalestur.

Samþykkt samhljóða.

6. Sameining deilda á Suðurlandi

Fyrir fundinum lá skjalið „Sameining deilda VR á Suðurlandi minnisblað til stjórnar VR“ til afgreiðslu.

Stefán fór yfir helstu atriði minnisblaðsins. VR hefur starfrækt tvær deildir á sunnanverðu landinu, í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Báðar urðu þær til þegar verslunarmannafélög sameinuðust VR 2007 og 2016. Virkni í Vestmannaeyjadeild hefur verið lítil undanfarin ár en mun meiri í Suðurlandsdeildinni. Komið hafa fram tillögur að sameina þessar tvær deildir í eina deild þar sem þær eru á sama landssvæði og til að gera starfið á svæðinu öflugra.

Stefán sagði vilja til sameiningar hjá báðum deildum. Ársfundir deildanna verða haldnir 21. maí þar sem lagt verður til að sameina þær. Ef það verður samþykkt verða lagðar fyrir breytingar á starfsreglum sem stjórn þarf síðan að samþykkja.

Umræður

Ragnar Þór lagði fyrir stjórn tillögu að sameiningu deildanna, með fyrirvara um samþykki beggja deilda.

Samþykkt samhljóða.

7. Skipun í úrskurðarnefnd Blævar

Stefán fór yfir málið. Í 8. gr. úthlutunarreglna Blæs íbúðafélags er kveðið á um úrskurðarnefnd sem skipuð skal þremur aðilum, tveimur frá VR og einum frá ASÍ. Félagsfólk getur vísað málum til nefndarinnar varðandi biðlista og úthlutanir. Tillaga er gerð um Söndru Björk Jóhannsdóttur frá kjaramálasviði VR og stjórnarmanninn Bjarna Þór Sigurðsson.

Umræður

Ragnar Þór leggur fyrir fundinn ofangreinda tillögu.

Samþykkt samhljóða.

8. Húsnæðismál

Bjarni Þór sagði að fyrir Alþingi liggja nú frumvarp til breytinga á húsaleigulögum. Þetta hafi oft verið rætt í stjórn VR og stjórnvöld ítrekað gefið loforð um að auka réttindi leigjenda gagnvart leigusölum. Staðan sé hins vegar sú að þessi mál séu í miklum ólestri.

Bjarni sagði 22 umsagnir hafa borist um frumvarpið, flestar neikvæðar. Leigufélög og atvinnurekendur finni þessu allt til foráttu. ASÍ hafi skilað inn umsögn og BSRB, BHM og KÍ hafi skilað inn sameiginlegri umsögn. Innviðaráðherra telji að við ramman reip sé að draga, sérstaklega ef verkalýðshreyfingin sé ekki sammála.

Bjarni sagði að VR hafi skrifað umsögn sem vilji sé fyrir að senda inn. Umsögnin er svohljóðandi (eftir prófarkalestur):

Efni: Umsögn VR um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (húsnæðisöryggi og réttarstaða leigjenda), 754. mál, 154. löggjafarþing 2023 – 2024

VR styður frumvarp um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 um húsnæðisöryggi og réttarstöðu leigjenda sem liggur nú fyrir Alþingi. Frumvarpið felur í sér framfaraskref og er til þess fallið að styrkja réttarstöðu leigjenda í þeirri grafalvarlegu stöðu sem við þeim blasir.

Rót vandans á íslenskum leigumarkaði er framboðsskortur og endurskoðun húsaleigulaga mun ekki koma í staðinn fyrir markvissa, heildstæða stefnu í húsnæðismálum og víðtækari aðgerðir stjórnvalda sem nauðsynlegar eru. VR hefði jafnframt óskað þess að frumvarpið myndi tryggja frekari vernd fyrir leigjendur og skapa ríkari hvata fyrir gerð sanngjarnra og ótímabundinna leigusamninga. VR tekur því undir þær athugasemdir sem koma fram í umsögn Alþýðusamband Íslands um frumvarpið. **Félagið telur nauðsynlegt að lögin séu samþykkt** svo hægt sé að hefja þá vegferð að leiðrétta óheilbrigða stöðu á íslenskum leigumarkaði.

VR fagnar meðal annars áformum um að styrkja forgangsrétt leigjenda, taka upp almenna skráningarskyldu leigusamninga og viðleitni laganna til þess að koma í veg fyrir ómálaefnalegar og ófyrirséðar hækkanir á leigufjárhæð. Þá telur VR brýnt að kærufélag húsamála verði eflað verulega svo hún geti með skilvirkum hætti staðið undir því hlutverki sem lögin gera ráð fyrir.

Íslensk stjórnvöld **hafa ítrekað lofað** að húsaleigulög verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að bæta réttarstöðu leigjenda. VR vísar þannig til yfirlýsinga stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga árin 2019, 2022 og nú loks við undirritun samninga í mars 2024 þar sem [eftirfarandi yfirlýsing](#) ríkisstjórnarinnar kemur fram:

„Réttarbætur verða tryggðar fyrir leigjendur með breytingum á húsaleigulögum sem stuðli að auknu húsnæðisöryggi með skýrari ramma um ákvörðun leigufjárhæðar og fyrirsjáanleika um breytingar á leigufjárhæð.“

Af greinargerð með frumvarpinu má dæma að markmið breyttra húsaleigulaga samræmast augljóslega ofangreindu loforði stjórnvalda. Endurskoðun laganna og stuðningur við leigjendur var ein meginforsenda kjarasamninga og því nauðsynlegt að stjórnvöld standi með þeim aðgerðum sem samþykktar voru til að koma á stöðugleika á íslenskum vinnumarkaði.

Þá hafnar VR alfarið þeirri gagnrýni sem kemur fram í umsögnum sumra hagaðila um frumvarpið þess efnis að sterkari réttarstaða leigjenda brjóti gegn samningafrelsi leigusala. Þessi röksemdafærsla stendur á veikum grunni. Það eru sjálfsgöð mannréttindi að búa við húsnæðisöryggi og ábyrgð Alþingis að tryggja þau réttindi í orði og á borði.

Í ljósi þess sem að framan segir lýsir VR yfir stuðningi við frumvarpið og telur brýnt að ríkið standi við gefin loforð um endurskoðun á húsaleigulögum og aukinn stuðning við leigjendur. Þá tekur VR undir umsagnir Alþýðusambands Íslands, BSRB, BHM og Kennarasambands Íslands um frumvarpið. Fulltrúar VR óska loks eftir að koma á fund velferðarnefndar og skýra frekar sjónarmið félagsins til breytinga á húsaleigulögum.

Bjarni sagði að frestur til að skila umsögn væri liðinn, en að möguleiki væri engu að síður enn til staðar að koma þessu áfram.

Umræður

Ragnar Þór lagði tillöguna að umsögn fyrir fundinn.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19:55.